

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum almennings til
þjónustu og starfa lögreglunnar

2018



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Embætti ríkislögreglustjóra
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf almennings til þjónustu lögreglu og starfa hennar
Dagsetning skýrsluskila	19. nóvember 2018

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Rannsóknarstofa í afbrotafræði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Gagnaöflun	Margrét Valdimarsdóttir
Úrvinnsla	Margrét Valdimarsdóttir
Skýrslugerð	Margrét Valdimarsdóttir

INNGANGUR

Könnun var lögð fyrir tilviljunarúrtak fólks eldra en 17 ára af landinu öllu. Viðhorf landsmanna til lögreglu, reynslu af afbrotum og ótta við þau voru könnuð. Hér fyrir neðan er eingöngu birt samantekt á niðurstöðum á viðhorfum til lögreglu og starfa hennar. Aðrar niðurstöður eru birtar í öðrum skýrslum. Niðurstöður könnunarinnar voru unnar af Rannsóknastofu í afbrotafræði og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Heildarfjöldi í úrtaki var 5200. Alls svöruðu 2.844 einstaklingar könnuninni og því heildarsvarhlutfall um 55%. Svarendur könnunarinnar eru á aldrinum 18 til 90 ára. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið vigtaðar þannig að úrtakið endurspegli þýði með tilliti til kyns, aldurs, menntunar og búsetu. Niðurstöður eru jafnframt greindar eftir þessum sömu bakgrunnsbreytum. Búsetu er skipt upp í samræmi við lögregluumdæmin níu.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.200 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.200 af landsbyggðinni. Alls svöruðu 2.392 einstaklingar úr netpanell Félagsvísindastofnunar könnuninni og svarhlutfall því um 57%. Til þess að tryggja að úrtakið endurspeglaði breytileika landsmanna sem best, var jafnframt tekið 1.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr Þjóðskrá. Tekið var úrtak af fólki 18 ára og eldra með íslenskt ríkisfang af landinu öllu, 500 af höfuðborgarsvæðinu og 500 af landsbyggðinni. Alls svöruðu 452 einstaklingar úr tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá og er því svarhlutfall 45%. Það náðist ekki í 48 einstaklinga úr Þjóðskrárártakinu (rangt heimilisfang skráð í Þjóðskrá og ekki náðist í viðkomandi í síma) og er því nettó svarhlutfall 47%. Könnunin var lögð fyrir frá maí til ágúst 2018.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,05$), þ.e. meðal allra Íslendinga sem eru 18 ára eða eldri. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur

er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,001$).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar

Framkvæmdarmáli	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	16.05.18-10.08.18
Fjöldi í úrtaki	5200
Fjöldi svarenda	2844
Svarhlutfall	55%

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og búsetu svarenda og þýðis

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn*			
Karl	1397	49,2%	51,1%
Kona	1444	50,8%	48,9%
Aldur***			
18-25 ára	304	10,7%	15,1%
26-35 ára	400	14,1%	19,5%
36-45 ára	522	18,4%	17,6%
46-55 ára	626	22,0%	16,3%
56-65 ára	514	18,1%	15,0%
66 ára og eldri	478	16,8%	16,5%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæði	1360	48,0%	64,0%
Vesturland	176	6,2%	4,6%
Vestfirðir	107	3,8%	2,0%
Norðurland vestra	111	3,9%	2,1%
Norðurland eystra	378	13,3%	8,7%
Austurland	124	4,4%	3,0%
Suðurland	294	10,4%	7,1%
Vestmannaeyjar	77	2,7%	1,2%
Suðurnes	209	7,4%	7,3%
Menntun***			
Grunnskólamenntun	370	13,8%	31,2%
Framhaldsskólamenntun	1094	40,9%	38,2%
Háskólamenntun	1212	45,3%	30,6%

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$





HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi. Ekki hefur verið mikil breyting á viðhorfum að þessu leyti á síðustu árum. Ánægja með störf lögreglu er örlítið meiri meðal kvenna en karla, og sérstaklega mikil meðal fólks í elstu og yngsta aldurshópunum. Ánægja með störf lögreglu er að öllu jöfnu mikil í öllum landshlutum, en þó er ánægjan hlutfallslega mest í Vestmannaeyjum en minnst á Norðurlandi vestra.
- Sýnileiki lögreglu hefur aukist frá því í fyrra, en er þó ekki meiri en hann var á árunum 2013 og 2014. Rúmlega 8% landsmanna segjast aldrei sjá lögregluna í sínu hverfi. Töluverður munur er á sýnileika lögreglu eftir búsetu. Íbúar í Vestmannaeyjum eru líklegastir til að segjast sjá lögreglu oft en einu sinni í viku í sínu byggðarlagi, en lægsta hlutfallið er meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa háskólamenntun eru síður líklegir til að segjast sjá lögregluna oft í sínu hverfi en þeir sem hafa minni menntun.
- Hátt hlutfall (um 74%) landsmanna telur lögregluna aðgengilega. Það hefur ekki orðið mikil breyting á þessu viðhorfi á síðustu árum, en þó töldu hlutfallslega fleiri íbúar lögreglu aðgengilega á árunum 2008 og 2009 heldur en á síðustu árum. Nokkur munur er á hvort fólk telji lögregluna aðgengilega eftir búsetu. Fólk á Norðurlandi eystra er líklegast til að telja lögreglu aðgengilega, en íbúar á Austurlandi ólíklegastir til að upplifa lögregluna aðgengilega.
- Traust til lögreglu og starfa hennar er almennt mjög mikið. Konur og eldri aldurshópar eru líklegri en aðrir til að bera mikið traust til lögreglu. Mest er traust til lögreglu meðal íbúa á Vestfjörðum, en minnst meðal íbúa á Norðurlandi vestra. Traust á lögreglu eykst jafnframt með auknum aldri og aukinni menntun.
- Mikill meirihluti landsmanna telur jafnframt lögregluna vera lögmætt yfirvald. Sömu hópar og bera mest traust til lögreglu eru líklegastir til að vera sammála því að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að það beri að fylgja fyrirmælum hennar.
- Árið 2018 sögðust um þriðjungur landsmanna hafa sóst eftir einhvers konar þjónustu lögreglu á síðastliðnu ári. Þetta er aðeins lægra hlutfall en á síðustu árum. Flestir nýttu sér þjónustu lögreglu með því að hringja í neyðarlínuna (112). Mikill meirihluti þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu. Mest var ánægjan meðal þeirra sem nýttu sér samfélagsmiðla en minnst meðal þeirra sem sendu lögreglunni tölvupóst. Af þeim sem fylgdist með lögreglu á samfélagsmiðlum gera flestir það á Facebook.


Viðhorf til starfa lögreglu¹

- Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu hafa skila mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi, eða rúmlega 87% (sjá töflu 3 og mynd 1).
- Lítil breyting hefur orðið á þessu hlutfalli á síðastliðnum árum. Á síðustu 10 árum hafa um það bil tveir þriðju hluti Íslendinga talið lögreglu hafa skilað frekar góðu starfi, en tæplega fjórðungur talið lögreglu hafa skilað mjög góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum (sjá mynd 2).
- Marktækur munur er á viðhorfum landsmanna til starfa lögreglu eftir kyni, aldri og búsetu. Konur eru líklegri en karlar til að telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, eða um 89% kvenna en rúmlega 84% karla. Hlutfallslega fæstir í aldurshópnum 36-45 ára telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, eða um 82%, mest er ánægjan meðal elstu svarenda. Á Norðurlandi vestra telja 74% íbúa lögreglu hafa skilað góðu starfi en í öðrum landshlutum fer prósentuhlutfallið yfir 80% (sjá töflu 4).


Tafla 3. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög góðu starfi	460	22%	1,5%	 22%
Frekar góðu starfi	1351	65%	1,8%	 65%
Frekar slæmu starfi	228	11%	1,1%	 11%
Mjög slæmu starfi	54	3%	0,6%	 3%
Fjöldi svara	2093	100%		
Veit ekki	706			
Vil ekki svara	45			
Alls	2844			

¹ Spurt var: Þegar á heildina er lítið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi eða byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum?




Mynd 1. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu.



Mynd 2. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu, samanburður frá 2008 til 2017 (uppl. fyrir 2010 og 2012 vantar).

Tafla 4. Prósenthlutfall svarenda sem telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.




Sýnileiki lögreglu²

- Eins og sjá má í töflu töflu 5, segjast flestir sjá lögregluna í sínu hverfi eða byggðarlagi einu sinni í mánuði eða sjaldnar, eða um 43%. Um 30% landsmanna sjá lögregluna oftár en einu sinni í viku, en einungis 8% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi.
- Á mynd 3 er mat landsmanna á sýnileika lögreglu árið 2018 borið saman við fyrri ár. Hlutfall þeirra sem segist sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku er nokkuð hærra en það var árið 2017. Íslendingar sem segjast aldrei sjá lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi er svipað árið 2018 (rúmlega 8%) og það var á síðustu tveimur árum þar á undan, en hefur hækkað frá 2013 og 2014. Upplýsingar um árið 2015 vantar.
- Hlutfallslega fleiri karlar segjast sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku, eða um 32% samanborðið við um 27% kvenna. Það er jafnframt tölfræðilega marktækur munur á sýnileika lögreglu eftir aldri. Mestur er munurinn milli þeirra sem eru á aldrinum 46-55 ára (37%) og þeir sem eru 26-35 ára (26%).
- Íbúar Vestmannaeyja skera sig úr íbúum annarra landshluta, en tæplega 96% íbúa þar sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku. Einungis um 13% höfuðborgarbúa verða varir við lögreglu í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku. Sýnileiki lögreglu er töluvert minni meðal fólks með háskólamenntun heldur en meðal annarra íbúa (sjá töflu 6).

² Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi eða byggðarlagi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?


Tafla 5. Hversu oft landsmenn sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi/byggðarlagi.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftar en einu sinni í viku	803	30%	1,7%	30%
2-3 í mánuði til vikulega	517	19%	1,4%	19%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	1180	43%	1,8%	43%
Aldrei	226	8%	1,0%	8%
Fjöldi svara	2726	100%		
Veit ekki	90			
Vil ekki svara	28			
Alls	2844			



Mynd 3. Hversu oft landsmenn sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi, samanburður frá 2013 til 2017 (uppl. fyrir 2015 vantar).

Tafla 6. Hlutfall landsmanna sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi/byggðarlagi oftár en einu sinni í viku, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Aðgengi að lögreglunni³

- Um það bil 74% landsmanna telja lögreglu frekar eða mjög aðgengilega. Þetta hlutfall er svipað og á allra síðustu árum (sjá töflu 7, mynd 4 og mynd 5).
- Það er marktækur munur á mati Íslendinga á aðgengi sínu að lögreglunni eftir aldri og búsetu. Töluvert lægra hlutfall aldurshópanna 36 til 45 ára og 46 til 55 ára heldur en bæði þeirra sem yngri eru og eru eldri.
- Eins og kemur fram í töflu 8, er mikill munur á því hvort fólk telji lögreglu aðgengilega eftir því hvar á landinu það býr. Lægst er hlutfallið á Austurlandi, en þó telja um 67% íbúa þar lögreglu mjög eða frekar aðgengilega. Tæplega 70% höfuðborgarbúa telja lögregluna aðgengilega. Hlutfallega flestir á Norðurlandi eystra telja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega, eða tæplega 89%. Hlutfallið er jafnframt yfir 80% meðal íbúa á Vesturlandi, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum.


Tafla 7. Mat landsmanna á aðgengi sínu að lögreglunni.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	525	24%	1,6%	24%
Frekar aðgengileg	1050	50%	1,8%	50%
Frekar óaðgengileg	399	19%	1,4%	19%
Mjög óaðgengileg	147	7%	0,9%	7%
Fjöldi svara	2121	100%		
Veit ekki	684			
Vil ekki svara	39			
Alls	2844			

³ Spurt var: Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi eða byggðarlagi?




Mynd 4. Mat landsmanna á aðgengi sínu að lögreglunni.



Mynd 5. Mat landsbúa á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2017 (ath. uppl. um 2015 vantar).

Tafla 8. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi/byggðarlagi.



Traust til lögreglu


- Í samræmi við það sem hefur komið fram í könnunum fyrr ári, ber mikill meirihluti landsmanna traust til lögreglu. Um 87% landsmanna eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar (sjá töflu 9).
- Það er ekki mikill munur á hlutfalli karla og kvenna sem bera mikið traust til lögreglu, eða 89% kvenna samanborið við rúmlega 84% karla. Þessi munur er þó tölfræðilega marktækur (sjá töflu 10).
- Traust til lögreglu eykst almennt með hækkandi aldri. Hæsta hlutfall landsmanna sem bera traust til lögreglu er í elsta aldurshópnum, 66 ára og eldri (u.þ.b. 93%). Lægsta hlutfallið er meðal fólks í aldurshópnum 26 til 35 ára (u.þ.b. 78%). Traust eykst jafnframt með aukinni menntun.
- Í töflu 10 má sjá að traust til lögreglu er mest meðal íbúa á Vestfjörðum. Tæplega 94% íbúa á Vestfjörðum ber mjög eða frekar mikið traust til lögreglu. Hlutfallslega fæstir á Norðurlandi vestra eru sammála fullyrðingunni að þeir beri mjög eða frekar mikið traust til lögreglu, en þó er hlutfallið þar rúmlega 81%.
- Mikill meirihluti landsmanna er jafnframt mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan vinni í þágu almennings, eða um 89% (sjá töflu 11).
- Mikill meirihluti landsmanna er einnig mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan sé heiðarleg, eða um 87% (sjá töflu 12).

Tafla 9. Mat landsmanna á trausti til lögreglu⁴.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1154	43%	1,8%	43%
Frekar sammála	1192	44%	1,8%	44%
Hvorki né	219	8%	1,0%	8%
Frekar ósammála	68	3%	0,6%	3%
Mjög ósammála	80	3%	0,6%	3%
Fjöldi svara	2713	100%		
Veit ekki	26			
Vil ekki svara	105			
Alls	2844			

⁴ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?—Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar

Tafla 10. Hlutfall landsmanna sem eru mjög eða frekar sammála að þeir beri traust til lögreglu, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Tafla 11. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu vinna í þágu almennings⁵.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1370	51%	1,8%	51%
Frekar sammála	1017	38%	1,8%	38%
Hvorki né	207	8%	1,0%	8%
Frekar ósammála	66	3%	0,6%	3%
Mjög ósammála	45	2%	0,5%	2%
Fjöldi svara	2706	100%		
Veit ekki	33			
Vil ekki svara	105			
Alls	2844			

Tafla 12. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu heiðarlega⁶.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1259	53%	1,8%	53%
Frekar sammála	808	34%	1,7%	34%
Hvorki né	211	9%	1,1%	9%
Frekar ósammála	32	1%	0,4%	1%
Mjög ósammála	43	2%	0,5%	2%
Fjöldi svara	2353	100%		
Veit ekki	385			
Vil ekki svara	106			
Alls	2844			






⁵ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögregla vinnur í þágu almennings

⁶ Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögreglan í mínu hverfi/byggðarlagi er almennt heiðarleg

Lögmæti lögreglu


- Flestir telja lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja (91%). Eingöngu 3% eru ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 13).
- Í töflu 14 kemur fram að það er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem telja lögregluna lögmætt yfirvald eftir kyni, aldri og menntun. Tæplega 94% kvenna telja lögregluna vera lögmæt yfirvald samanborið við 89% karla.
- Upplifun á lögmæti lögreglu eykst með hækkandi aldri. Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem eru í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) og eru mjög eða frekar sammála því að lögreglan sé lögmæt yfirvald er þó síður en svo lágt, eða rúmlega 85% (sjá töflu 14).
- Mjög lítill munur er á upplifun á lögmæti lögreglu eftir búsetu. Hlutfall þeirra sem telja lögregluna lögmætt yfirvald eykst lítillega með aukinni menntun. Þó eru um tæp 89% landsmanna með grunnskólamenntun sammála fullyrðingunni um lögmælti lögreglu.
- Í töflum 15 til 18 eru viðhorf landsmanna til málefna er tengjast lögmæti lögreglu skoðuð. Í töflu 15 kemur fram að um 36% landsmanna er því mjög eða frekar sammála að það geti komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að fylgja ekki fyrirmælum lögreglu. En 44% Íslendinga er ósammála þeirri fullyrðingu.
- Meirihluti landsmanna (u.þ.b. 77%) eru sammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar (sjá töflu 16). Jafnframt telja um 66% landsmanna að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar. Svipað hlutfall (u.þ.b. 69%) telur að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.
- Viðhorfin sem birtast í töflum 15 til 18 eru marktækt ólík eftir kyni, aldri og búsetu. Karlar, yngri aldurshópar og fólk á höfuðborgarsvæðinu er líkleggra en aðrir hópar til að telja að við ákveðnar aðstæður þurfi ekki að virða ákvarðanir lögreglu eða framfylgja fyrirmælum hennar (ekki birt í töflu eða á mynd).

Tafla 13. Hlutfall landsbúa sem telur lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja⁷.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1659	61%	1,8%	 61%
Frekar sammála	822	30%	1,7%	 30%
Hvorki né	154	6%	0,9%	 6%
Frekar ósammála	42	2%	0,5%	 2%
Mjög ósammála	34	1%	0,4%	 1%
Fjöldi svara	2712	100%		
Veit ekki	27			
Vil ekki svara	105			
Alls	2844			

⁷ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögregla er lögmætt yfirvald og fyrirmælum hennar ber að fylgja

Tafla 14. Hlutfall landsmanna sem eru mjög eða frekar sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Tafla 15. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að upp geti komið aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	312	13%	1,2%	13%
Frekar sammála	581	23%	1,6%	23%
Hvorki né	511	21%	1,5%	21%
Frekar ósammála	589	24%	1,6%	24%
Mjög ósammála	498	20%	1,5%	20%
Fjöldi svara	2490	100%		
Veit ekki	231			
Vil ekki svara	122			
Alls	2843			

Tafla 16. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	948	36%	1,8%	36%
Frekar sammála	1073	41%	1,8%	41%
Hvorki né	365	14%	1,3%	14%
Frekar ósammála	135	5%	0,8%	5%
Mjög ósammála	113	4%	0,7%	4%
Fjöldi svara	2634	100%		
Veit ekki	94			
Vil ekki svara	116			
Alls	2844			

Tafla 17. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	755	29%	1,7%	29%
Frekar sammála	962	37%	1,8%	37%
Hvorki né	538	20%	1,5%	20%
Frekar ósammála	233	9%	1,0%	9%
Mjög ósammála	149	6%	0,8%	6%
Fjöldi svara	2637	100%		
Veit ekki	88			
Vil ekki svara	119			
Alls	2844			


Tafla 18. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	762	29%	1,7%	29%
Frekar sammála	1044	40%	1,8%	40%
Hvorki né	476	18%	1,4%	18%
Frekar ósammála	232	9%	1,0%	9%
Mjög ósammála	123	5%	0,8%	5%
Fjöldi svara	2637	100%		
Veit ekki	93			
Vil ekki svara	114			
Alls	2844			


Samskipti við lögreglu

- Árið 2018 sögðust um 33% landsmanna hafa leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu á síðastliðnu ári. Þetta hlutfall er aðeins lægra en síðustu ár (sjá mynd 6). Það var eingöngu marktækur munur á hlutfalli þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu eftir aldri (ekki birt í töflu eða á mynd). Hlutfall þeirra sem leita eftir þjónustu lögreglu fer lækkandi með hækkandi aldri.
- Á mynd 7 má sjá að af þeim sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112), eða rúmlega 52%. Tæplega 30% þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu á árinu 2018, hringdu á lögreglustöð en rúmlega 25% nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu. Hlutfallslega fæstir, eða um 6%, sendu lögreglunni tölvupóst.
- Í töflu 19 er tegund þjónustu sem leitað var eftir greind eftir bakgrunni landsmanna. Í töflunni er tölfraðilega marktækur munur á hópunum merktur með viðeigandi stjörnum við fyrstu prósentutöluna sem birtist.
- Aðeins hærra hlutfall karla en kvenna hringdi í Neyðarlínuna, en munurinn er þó ekki tölfraðilega marktækur. Konur voru marktækt líklegri en karlar til að nýta sér samfélagsmiðla lögreglu, en karlar marktækt líklegri en konur bæði til að fara á lögreglustöð og að senda lögreglu tölvupóst. Hærra hlutfall kvenna en karla nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu.
- Hlutfallslega flestir í aldurshópnum 26 til 35 ára hringdu í neyðarlínu, og var sami aldurshópur jafnframt líklegastur til að nýta sér samfélagsmiðla lögreglu. Fólk á aldrinum 36 til 45 var líklegast til að fara á lögreglustöð og að senda lögreglu tölvupóst.
- Höfuðborgarbúar eru líklegri til að leita eftir þjónustu lögreglu með því að nýta sér samfélagsmiðla heldur en fólk sem býr á landsbyggðinni, eða rúmlega 30% höfuðborgarbúa samanborðið við t.d. rúmlega 7% fólks á Norðurlandi vestra. Af þeim sem nýttu sér þjónustu lögreglu, voru hlutfallslega flestir í Vestmannaeyjum sem fóru á lögreglustöð, eða tæplega helmingur.
- Fólk með grunnskólamenntun var líklegra til að hringja í neyðarlínuna en landsmenn með lengri menntun, en hlutfallslega fæstir í þeim hópi fóru á heimasíðu lögreglu.
- Meirihluti þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu voru ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu⁸. Ánægjan var sérstaklega mikil meðal þeirra sem nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu, þar sem um 92% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna. Heldur lægra hlutfall þeirra sem sendu lögreglunni tölvupóst voru ánægðir með þjónustuna, en þó var hlutfall ánægðra um 74% (sjá mynd 8).
- Tæplega helmingur landsmanna fylgist með lögreglunni á samfélagsmiðlum. Fylgjast flestir landsmanna með lögreglu á Facebook (u.þ.b. 44%), tæplega 8% landsmanna á Instagram, og heldur lægra hlutfall á öðrum miðlum.

⁸ Spurt var einnig um almenna ánægju með þjónustu lögreglu, 86.5% sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með störf hennar, en 13.5% frekar eða mjög óánægðir.



Mynd 6. Hlutfall landsmanna sem höfðu leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu frá 2015 til 2018.




Mynd 7. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið. Svarendur máttu merkja við fleiri en einn valmöguleika og er því heildarhlutfallið hærra en 100%.


Tafla 19. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun.

	Fjöldi eftir vigtun	Hringdi í neyðarlínuna	Nýtti mér samfélags- miðla	Hringdi á lögreglustöð	Fór á lögreglustöð	Fór á heimasiðu lögreglu	Sendi lögreglunni tölv upóst
Kyn							
Karl	480	52,7%	22,2%**	30,6%	29,1%**	10,6%	7,7%*
Kona	455	51,0%	30,3%	26,3%	19,8%	9,1%	3,9%
Aldur							
18-25 ára	183	51%*	28,3%**	24,0%	28,4%*	9%*	0,5%***
26-35 ára	232	60,3%	36,2%	28,4%	16,7%	10,9%	9,5%
36-45 ára	176	52,9%	33,9%	31,6%	24,0%	16,0%	10,4%
46-55 ára	164	47,3%	16,3%	28,5%	29,5%	9,1%	4,9%
56-65 ára	104	42,2%	18,0%	33,7%	28,6%	3,6%	4,5%
66 ára og eldri	77	48,8%	4,5%	25,2%	25,7%	4,5%	1,0%
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	581	53,2%*	30,2%	28,6%	19,4%***	11,4%	5,8%*
Vesturland	40	67,8%	15,1%	28,9%	18,4%	8,8%	4,2%
Vestfirðir	21	53,7%	19,6%	24,8%	28,7%	13,5%	6,6%
Norðurland vestra	17	56,6%	7,1%	28,6%	17,2%	0,0%	5,7%
Norðurland eystra	91	40,2%	23,1%	29,0%	44,9%	1,4%	5,6%
Austurland	29	31,5%	17,7%	32,6%	39,6%	8,1%	4,1%
Suðurland	77	54,1%	23,3%	20,9%	24,4%	10,9%	10,0%
Vestmannaeyjar	13	33,6%	14,0%	23,2%	46,9%	8,3%	0,0%
Suðurnes	64	56,8%	17,9%	34,0%	35,7%	10,2%	4,9%
Menntun							
Grunnskólanám	281	55,1%	24,1%*	26,3%	27,7%*	6,4%*	3,2%*
Framhaldsskólanám	341	51,9%	23,8%	30,7%	24,4%	13,0%	7,9%
Háskólanám	264	47,6%	32,0%	27,6%	18,2%	10,2%	6,7%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 8. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu og voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið.



Mynd 9. Hlutfall þeirra sem fylgdust með lögreglu á samskiptamiðlum, greint eftir tegund miðils.